

Fundur 28.9.2020 Ruth Ginsburg.

Komið þið sælir, ef þið heyrið til mín.

Ekki er ég von að gera slíkar tilraunir sem þessar en var mér lagt það á herðar að koma með upplýsingar til gömlu jarðar ef okkur er það unnt.

Og er mér þó ekki að fullu kunnugt, hvernig þetta virkar allt, en stend ég þó á jörð.

Öll þau margvíslegu efni, sem frábrugðin eru því lífi sem ég þekkti, vekja mér undrun og þykist ég eiga mikið undir því að samband náist við gamla hnöttinn.

Stórkostleg undrunarefni á þessum stutta tíma og er það mér mikið undrunarefni að jörð skuli vera undir fótum mínum og stjörnuhiminninn er mikið breyttur, en mikið sakna ég sólarljósins.

Hef ég stöugt verið að læra inn á þessi margvíslegu samskipti milli hinna ýmsu hópa í þessu samfélagi og lögmál tilverunnar.

Og þótt sumt veki mér ugg, þá eru hér margir sem reynst hafa mér vel, og hef ég fundið mig í félagskap, líkum þeim sem ég tilheyrði á jörðinni.

En er þetta mér svo mikið undrunarefni á hverjum degi, að segja má að ég vakni á hverjum morgni full vantrúar á því að vera aftur lifandi.

Og undur tilverunnar margvísleg. Hef ég heyrt að mörg og margvísleg samfélög manna séu til á þessum hnetti. Og hef ég mikinn áhuga á því að sannreyna það og ferðast um hnöttinn ef mér er það unnt.

En ýmsar skorður eru á því enn, og get ég kannski lýst því hér á eftir.

Lifði ég ágætu lífi á jörðunni og vona ég að mér takist að komast á hinn besta stað á hnettinum, eins fljótt og mér er unnt.

Og var mér sagt að gamla jörðin þurfi á fróðleik um framlífið að halda og tel ég að saga mín verði því merkilegri sem ég kanna fleiri svæði á þessum hnetti.

Finn ég mikinn samhug á jörðinni, og sakna ég jarðarinnar og finn ég, að mér er ekki tamt að nota það hugtak sem mér er sagt að nota, sincronisation, samstilling.

Finn ég að margir á gömlu jörðinni minni eru mér sammála og sömu deiluefnin og hér eru, finn ég að ljós er mér sent frá öðrum hnöttum og er samband þetta magnað frá þeim.

Er ég nýkomin yfir og hef ég ekki oft talað í slíku sambandi og er því nokkuð torvelt að koma því í gegn sem okkur er ætlað að koma hér í kvöld, en munum við reyna það áfram.

Eru miklar sambandsstöðvar á hinni hlið hnattarins, og þjálfun í þessum málum mikil.

Hitti ég nokkra aðila frá þeim stöðvum sem hér eru staddir og hafa þeir útskýrt fyrir mér ýmislegt, og spámenn og spákonur sem hafa sagt mér hvernig losna megí úr ákveðnum örðugleikum þessa staðar.

Og hvernig komast megí til þeirra staða þar sem þessi nýi líkami fær notið sín til fulls.

Og hvernig ég megí fá samband við ættingja mína og fleiri á gömlu jörðinni og í framlífi.

Finnst mér stórkostlegt að skynja geiminn og hvernig það skuli vera mögulegt að lífið haldi áfram, þótt maður hafi dáið í jarðlífinu.

Og kemur mér margt hér á óvart. Er það frábrugðið minni trú og hef ég mikið velt vöngum yfir því, hvort minn guð hafi brugðist mér, eða ég brugðist honum.

En verð ég að sættast við öll þau börn, sem ekki fæddust á jörðinni, en fram komu annars staðar, og öll þau börn sem deydd voru í móðurkviði af þeim völdum sem stefna okkar bauð okkur, að framfylgja í lílifenda lífi.

Og tel ég þó að ekki geti ég verið sátt við kirkjunar menn sem á ljóshlið hnattarins setja reglur.

Samkvæmt því sem ég hef heyrt. Og ekki mun ég láta af sannfæringu minni í þessu efni.

En vera má að það sé svo, að þessi börn þurfi ég að hitta, og gera upp ýmis mál úr fortíðinni.

Og var mér sagt af þeim sem koma hingað til að leiðbeina okkur frá öðrum stöðum hnattarins, að ég yrði að vera hér nokkuð lengur, áður en ég kæmist á aðra staði hnattarins.

En eru það miklar furður sem hér eru og hef ég farið nokkrar ferðir hér í fylgd með öðrum og kynnt mér staðhætti.

Menn leita sér matar og veiða sér til matar og er hér mikill skógur sunnan til af hressingarhælinu sem við erum stödd í, sem nýkomin eru.

Og hef ég ekki vogað mér langt í þá átt, en hef heyrt í dýrunum og mönnunum sem veiða og er sagt að skógurinn skiptist í tvo meginhluta.

Séu það tré sem bera ávöxt og eru lík því sem gerist á jörðunni og svo eru þar lengra, tré sem séu sveppakyns.

Og drottning mikil sem situr í hásæti og heyir styrjöld gegn hinum helmingi mannfjöldans sem býr á þessu landssvæði, og skiptist mannfjöldinn í tvær fylkingar.

Annars vegar eru það múslimar og hins vegar eru það kvennréttindafólk.

Og eru það kristnir menn og heiðnir sem byggja aðra staði hnattarins.

Og hafa hinir ýmsu hópar, verið að herja á hina heiðnu menn, annars staðar á hnettinum og náð af þeim stjörnusambandsstövum.

Togstreita mikil.

Já, sagði mér spámaður sem við mig hefur oft talað, síðan ég hingað kom. Gaf hann mér leiðbeiningar þess efnis, hvernig ég skyldi haga lífi mínu til þess að kynnast öðrum hlutum hnattarins og komast á betri staði.

Er það gamall maður og gráskeggjaður.

Fara ýmsir úr þeim hópi í flokkum hér og reyna að tala við okkur.

Sagði hann mér hvar börn þessi er að finna, á þessum hnetti, er þurfa aðstoðar við.

Og hefur hann lofað að fylgja okkur á leið. Okkur sem eru forvitin og tilbúin að kanna hvort við þurfum að leggja það á okkur, til að fá bætt lífskjör hér.

Og vil ég gjarnan reyna að ná sambandi aftur við ykkur ef mér það tekst.

Og lýsa því hvernig sá leiðangur tekst, ef ég treysti þessum gamla spámanni.

Það væri gott að heyra í þér aftur.

Já ég er nú sátt við það og ánægð að vera á lífi, þrátt fyrir allt. Og talsvert miklu hressari en ég var á jörðinni. Virðist laus við þann sjúkdóm sem dró mig til bana.

En hins vegar er svo sem einhver vandkvæði fylgi þessum líkama enn í stað, sem smávægileg eru, en hygg ég að það muni allt komast í betra horf, samkvæmt því sem mér hefur verið sagt.

Ég sakna mjög míns fólks. Og er mjög fróðleiksfús að kynnast því hvað þessi hnöttur hefur upp á að bjóða.

Og hef ég eytt fyrstu dögum hér, eftir að ég fór á fætur frá sjúkraskýlinu að hlusta á stórfroðlegar frásagnir vinkvenna minna, sem ég hef hér eignast, og eru mér sammála og koma frá mörgum hnöttum og hafa frá margvíslegri reynslu að segja.

Og finnst mér heimurinn stórkostlegur, að þetta skuli vera svona og legg ég full bjartsýni út í lífsgönguna á þessum hnetti.

Hef ég ekki lagt út í þær hættuferðir sem sumir hér leggja á sig til að afla matar.

Vildi ég óska að ég hefði vitað af þessum kenningum, þegar ég var á jörðinni. Hefði ég þá kannski lífað lífi mínu á annan hátt, og ekki verið eins undrandi þegar ég hingað kom yfir.

Óska ég landi mínu alls hins besta og ykkur. Skilst mér að þið séuð lítil þjóð og já stórmerkilegt að þær kenningar sem mér var hér sagt frá um lífið í alheimi, skyldi hafa komið fram á gömlu jörðinni, en ekki borist til allra þjóða sem skyldi.

Vil ég gjarnan hafa samband við ykkur síðar, og hef þá frá mörgu að segja, en við stuðningsmenn mína vil ég segja, Haldið áfram að berjast.

Getur þú sagt okkur til þín?

Og vona ég að við fáum góðan forseta.

Bandarísk kona, Ruth.

Hæstaréttardómari?

Ruth,

Ginsburg?

Já,

Merkilegt að heyra í þér.

Já, ég vona að ég geti komið síðar, og hef þá fleiri fregnir að færa, en

Hvernig lýst þér á tilnefninguna?

Ég hef ekki haft kost á því að fylgjast með því sem gerist á jörðinni, en mun reyna að tjá mig um það síðar. Ég hef notið þess að tjá mig og finna tengslin við gömlu jörðina, ég þakka fyrir það.

Þakklát fyrir það tækifæri og ég hef bara, við viljum fá annan forseta og vinkonur mínar hér og hópur hefur reynt að styðja mig í bænum til að fá því framgengt.

Kem ég aftur síðar, verið þið sæl.

Ég vil bara óska þér alls hins besta og þakka þér fyrir að koma og vertu velkomin aftur.

Ég þakka sumuleiðis og veri þið sæl.